

## GJALDSKRÁ

fyrir kattahald í Grundarfirði.

1. gr.

Leyfisgjald fyrir að halda kött í Grundarfirði, sbr. 10. gr. samþykktar um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 skal vera 5.000 kr.

Gjaldið greiðist á gjalddaga 1. mars ár hvert, en eindagi 31. mars. Innifalið í leyfisgjaldi er ábyrgðartrygging, merkisgjald auk umsýslugjalda sveitarfélagsins.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Grundarfjarðar er sett samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og samþykkt um kattahald í Grundarfjarðarbæ nr. 368/2006 og öðlast gildi 1. janúar 2013. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá sama efnis nr. 1217/2011.

*Grundarfirði, 30. nóvember 2012.*

**Björn Steinar Pálmason** bæjarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. desember 2012